


RAUÐI BORDINN

ALNÆMISSAMTÖKIN Á ÍSLANDI - FRÉTTABRÉF

2.TBL. 8. ÁRG. HAUST 1997 - 19. BLAD



Börn og alnæmi

Gledileg jól



Minningarteppi

Til aðstandenda þeirra sem látist hafa úr alnæmi

Undanfarna mánuði hefur komið til tals innan Alnæmissamtakanna að mikilvægt væri að fara af stað með gerð minningateppa hér á landi vegna þeirra sem látist hafa úr alnæmi. Víða um heim hafa slík teppi verið gerð af eftirlifandi aðstandendum og er tilgangurinn annars vegar að minna á alnæmi og hins vegar að heiðra minningu þeirra sem látist hafa úr sjúkdómnum.

Að ýmsu er að huga í þessu sambandi og undanfarið hefur þetta mál verið skoðað af alvöru. Við viljum hér koma á framfæri hugmyndum okkar og vonum að þær séu eftirlifandi aðstandendum einhvers virði, því annars verða þær ekki að veruleika.

Hugmyndin er, að minningateppin myndu prýða veggj húsnæðis Alnæmissamtakanna að Hverfisgötu 69, það er, myndu hanga í stigaganginum milli hæða.

Heildarstærð hvers teppis yrðu 180 x 90 cm. eins og alþjóðlegir staðlar kveða á um, en hvert teppi samanstæði af fjórum 90 x 45 cm bútum og yrði sérhver bútur helgaður minningu eins manns. Fjöldi teppa fer eftir því hve minning margra yrði heiðruð á þennan hátt, en alls hafa 30 manns látist úr alnæmi hér á landi. Miðað er

við einn bútur fyrir hvern þann er látist hefur, en ekki er þó útilokað, ef sú ósk kæmi fram, að búturnir yrðu tveir. Ef mögulegt væri, er það áhugavert að teppi yrðu tilbúin fyrir minningarmessuna sem verður haldin í maí 1998. Þar sem vel þarf að vanda til, viljum við benda þeim aðstandendum sem hug hafa á að vinna teppi til minningar um látinn ástvin sinn, á eftirfarandi:

- Búturinn þarf að vera 96 x 51 cm. að stærð, (þ.e. 90 x 45 cm. + 3 cm. saumfar hringinn), mælingin þarf að vera mjög nákvæm.
- Hægt er að nota hvaða efni sem er, bómullarefni eru þó heppilegust og varast ber teygjanleg efni.
- Ekki skiptir máli hvort tilbúinn bútur er láréttur eða lóðréttur.
- Á teppinu / bútnum komi fram aldur og kyn þess sem minnst er, eða fæðingardagur og dánardagur og ef vill nafn hans/hennar.

Hægt er að vinna hvert teppi þ.e. hvern búta á ýmsa vegu eftir áhuga og smekk og koma hér nokkur dæmi:

- Ásaumur (applikering): Að sauma annað efni, stafi eða hluti á bútinna (lím mun ekki endast).
- Málun: Að mála á bútinna með þar til gerðum textillitum.

- Tauprykk: Að prykkja myndir á bútinna, til þess þarf ákveðna tækni og sérstaka líti.

- Klippimyndir: Að sauma búta í ólíkri lögun og stærð á bútinna.

- Ljósmyndir: Að setja ljósmyndir á bútinna, með því að yfirfæra ljósmyndina á bómullarbúta með þar til gerðri tækni og sauma svo á bútinna eða að setja myndina í glært plast og sauma síðan beint á bútinna.

Aðstandendur geta unnið hvert teppi/búta á eigin vegum og komið því síðan til Alnæmissamtakanna, en á þeirra vegum mun starfa nefnd undir handleiðslu fagmanns sem sjá mun um að munda heildstærð teppi úr bútnum. Ef áhugi er fyrir hendi munu Alnæmissamtökin bjóða upp á leiðbeiningu handavinnukennara fyrir aðstandendur sem vilja vinna að sínu teppi í samveru með öðrum í svipuðum aðstæðum. Sú kennsla mundi verða skipulögð í samráði við aðstandendur.

Þeir aðstandendur sem hafa áhuga á að vera með í þessu verkefni, hvort sem þeir vinna á eigin vegum eða óska eftir leiðbeiningu, hafi samband við Grétu Adolfsdóttur, framkvæmdastjóra. Alnæmissamtakanna í síma 552-8586, e.h. virka daga.

2



Félagsráðgjafi

HIV-smitaðra og aðstandenda

SIGURLAUG HAUKSÓTTIR, FÉLAGSRÁÐGJAFI, er til viðtals á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Á miðvikudögum kl. 14-16 er hún með viðtalstíma hjá Alnæmissamtökunum á Íslandi. Biður hún fólk að hafa samband. Hún tekur einnig þátt í fræðslu á námsstefnum um alnæmi.

1. desember 1996

Ein veröld ein von

ÞANN FYRSTA DESEMBER síðastliðinn stóðu Alnæmissamtökin fyrir miklu átaki til þess að minna á Alþjóðlega alnæmisdaginn undir kjörorðunum Ein Veröld - Ein von. Í samvinnu við Alþjóðleg ungmennskipti (AUS) og Ungmennahreyfingu Rauða kross Íslands (URKÍ) var 30.000 rauðum borðum ásamt póstkortum og bæklingi um alnæmi frá Landlækniseimbættinu dreift ókeypis til almennings. Mestum hluta var dreift í Reykjavík og nágrenni en einnig fór dreifing fram víðsvegar um landið. Átakið vakti mikla athygli bæði fjölmiðla og almennings og fjölluðu meðal annars báðar stóru sjónvarpsstöðvarnar um það í fréttatímum sínum að kvöldi 1. desember. Boðskapur rauða borðans komst inn á hvert heimili í landinu og umræðan um alnæmi náði til flestra landsmanna. Átak þetta fór í gang fyrir tilstuðlan Alþjóðlegra ungmennaskipta, en í byrjun september setti undirritaður, sem formaður þeirra samtaka, sig í samband við Alnæmissamtökin og bar upp þá hugmynd að dreifa rauða borðanum til almennings þann 1.

desember. Fljótlega upp úr því var sett á laggirnar undirbúningsnefnd skipuð undirrituðum, formanni Alnæmissamtakanna og fulltrúa URKÍ sem þá hafði verið haft samband við. Þessi undirbúningsnefnd þróaði hugmyndina áfram og var ákveðið að dreifa líka bæklingi um alnæmi frá Landlækniseimbættinu og láta hanna nokkrar gerðir póstkorta þar sem fólk væri minnt á alnæmi með áhrifaríkum hætti.

Auglýsingastofan Gott fólk sannaði svo um munar nafngift sína þegar starfsmenn hennar buðust til þess að gefa vinnu sína við hönnun póstkortanna. Þeir hönnuðu átta mismunandi póstkorta hvert öðru glæsilegra. Einnig fékkst prentun þeirra á mjög hagstæðu verði hjá Prentstofu Guðjóns Ó.

Einni viku fyrir stóra daginn komu fjölmargir sjálfboðaliðar frá Alnæmissamtökunum, AUS og URKÍ saman til þess að útbúa rauða borðana. Sú vinna tók heilan dag og var unnið af miklum krafti. Þann fyrsta desember hittust þessir sjálfboðaliðar aftur og dreifðu eins og áður segir 30.000 rauðum borðum,

póstkortum og bæklingum til almennings.

Sjálfboðaliðarnir eiga miklar þakkir skildar fyrir mikið og óeigingjarnt starf. Allir sem tóku þátt gerðu það af miklum áhuga og gleði og er það þeim að þakka hve góðar og vinsamlegar undirtektir átakið fékk hjá almenningi. Hvað sjálfan mig snertir þá var vinnan við þetta verkefni einstaklega ánægjuleg og gefandi.

Í framhaldi af henni hef ég tengst Alnæmissamtökunum og starfa nú þar sem varamaður í stjórn. Það er von mín að í framtíðinni sjáist Rauði borðinn ávallt eins víða og hann sást þann fyrst í desember 1996.

Steindór Ívarsson

Áhugafólk um alnæmisvandann aukinn skilning þarf að fá átak til sigurs eflir andann árangri verðum nú að ná.

Stuðningsmaður.



bjargar mannlífum



bjargar mannlífum



SKÝRSLA STJÓRNAR

SKÝRSLA UM STARF
ALNÆMISSAMTAKANNA
ÁRIÐ 1996

Góðir aðalfundarmenn.

Fyrir hönd stjórnar Alnæmissamtakanna býð ég ykkur velkomin.

Liðið ár var þeim sem tengjast alnæmi ár gleðilegra fréttu, því ný lyf komu til landsins sem haldið geta sjúkdómnum niðri. Því miður eru ekki allir smitaðir sem geta nýtt sér lyfin ennþá, en þeir sem það geta hafa sýnt undraverðan árangur í baráttunni við sjúkdóminn.

Á síðasta aðalfundi var stjórnin kosin með lófataki þar sem aðeins var einn í framboði í hvert sæti. Eggert sem formaður, Ingi Rafn varaformaður, Guðni, Hólmfríður og Árni Friðrik sem aðalmenn í stjórn og til vara Björk og Þórgunnur. Stjórnin skipti með sér verkum á næsta stjórnarfundinum þannig að Guðni tók að sér að vera gjaldkeri áfram og Hólmfríður ritari eins og í fyrri stjórn. Stjórnarfundir voru 20 á árinu, almennur félagsfundur var 1 og mættu þar 16 manns að stjórnarmönnum meðtöldum.

Mun ég nú rifja upp það helsta sem gerðist á síðasta starfsári.

2. desember 1995 birtist auglýsing í Tímanum sem tengdist alnæmi og 1. desember, og var greinilegt að mörg fyrirtæki höfðu styrkt þetta framtak með fjárframlagi. Engir peningar bárust hins vegar til Alnæmissamtakanna í tengslum við þessa auglýsingu og enginn á okkar vegum kannaðist við þetta framtak. Þegar farið var að kanna málið kom í ljós að Frjálsfróttadeild ungmannafélagsins Fjölnis í Grafarvogi var að safna peningum í sinn rekstur. Haft var samband við nokkra styrktaraðila að auglýsingunni og töldu flestir að þeir væru að styrkja Alnæmissamtökin. Við fengum Róbert Árna

lögfræðing til að ráðleggja okkur í þessu máli og sagði hann þetta vera ólöglegt framtak hjá ungmannafélaginu. Var þá send viðvörðun til allra fyrirtækjanna um að um misnotkun væri að ræða. Róbert Árni hafði samband við ungmannafélagið og fékk upplýsingar um innkomu af átakinu, sem var innan við 500 þús. kr. og bauð þeim að láta okkur hafa þá. Ekki voru þeir peningar til lengur, en ungmannafélagsmenn gáfu skriflegt loforð um að gera svona lagað aldrei aftur, og vissu ekki betur að þeir væru í fullum rétti, sá misskilningur var leiðréttur. Við þökkum Róbert Árna kærlega fyrir hans framgang fyrir okkar hönd.

Eins og fyrri ár fór all nokkur tími stjórnarfundu í að reyna að finna leiðir til fjáröflunar og vísast í reikninga félagsins varðandi það mál.

Eins og oft áður hefur Rauði kross Íslands verið okkar aðal stuðningsaðili í fjármálum. En ýmsar hugmyndir komu fram t.d. um tónleika og málverkauppboð sem reyndar er verið að vinna í. Um 30 listamenn hafa gefið listaverk og Inga Sólveig hefur tekið að sér að setja upp sölusýningu á þeim verkum, þar sem listverkauppboð það sem vera átti á nýjárðagskvöld í tengslum við Eskimomodel féll niður vegna breytinga á samkomustað. Ástæðan fyrir þeirri breytingu var sú að ekki fékkst vínveitingaleyfi í Kolaportið.

Í byrjun þessa árs fengum við ábendingu frá velunnara félagsins, Baldri Guðnasyni, þess efnis að Framkvæmdasjóður fatlaðra væri mögulegur styrktaraðili fyrir Alnæmissamtökin og féлага okkar sem eru á örorkubótum.

Þessi ábending er núna í athugun hjá okkur og nokkrir félagsmenn íhuga að sækja um styrki úr sjóðnum.

Varðandi nýtingu á húsnæðinu er það að segja að komur á skrifstofutíma eru frá 1 og upp í 10, meðaltal frá áramótum eru 5 komur á dag og eru þá allir fundir undanskildir. Flestir sem koma eru félagar úr Jákvaða hópnum og að-

standendur, en einnig fólk utan úr bæ að afla sér fræðslu um alnæmi.

Petrína Ásgeirsdóttir, félagsráðgjafi hefur verið til viðtals á þriðjudögum og hefur það mælst vel fyrir. Hún er núna að fara af stað með vinnuhóp þeirra sem lifa með hiv-smit og mun vera með fundi einu sinni í viku í 8 til 10 vikur í samvinnu við sjúkráhusprest á Borgarspítalanum, Gunnar að nafni. Þau voru einnig með svipað prógram s.l. vetur og voru þátttakendur mjög ánægðir með þetta framtak þeirra.

Á árinu var einnig haldið áfram með innréttingu kjallarans, en þegar farið var að vinna í honum kom í ljós að allar skolplagnir frá húsinu voru gjörsamlega ónýtar og allt frárennsli sat undir húsinu. Fór mikill tími iðnaðarmanna í að skipta um þær, en Reykjavíkurborg sem er húseigandi greiddi fyrir þær. Einnig voru endurnýjaðar raflagnir í kjallara og skipt um rafmagnstöflu, líka á kostnað húseiganda. Vegna þessara framkvæmda frestaðist að félagið kæmi kjallaranum í nothæft ástand. Íbúðin sem við höfum aðgang að hjá Rauða krossinum, hefur verið leigð frá því hún var tilbúin, en hún var innréttuð og endurbætt samkvæmt okkar ósk.

Árlegir styrkir og jólastyrkir voru veittir til jákvæðra á árinu, að þessu sinni var árlegi styrkurinn greiddur út í tvennu lagi vegna fjárskorts. Tvísýnt var hvort hægt væri að veita jólastyrki, en Rauði krossinn hljóp undir bagga eins og svo oft áður og viljum við enn og aftur þakka þeim ómetanlegan stuðning. Að venju voru veittir styrkir í annað t.d. nudd, leikfimi, nám o.fl.

Reykjavíkurborg studdi okkur með því að launa starfsmann, Evu Ström, út árið og var mikill sparnaður í því. Ekki fékkst lengri ráðningarsamningur fyrir Evu, þrátt fyrir ítrekaðar umsóknir þess efnis. Hætti Eva því störfum um áramótin og þökkum við henni samveruna. Þann 10. febrúar s.l. fengum við þriðja starfsmanninn frá Hinu húsinu, en sá fyrsti var Ægir

Símonarson.

Jákvæði hópurinn stóð fyrir þorablóti 1. febrúar og var þátttaka um 30 manns að gestum meðtöldum. Leitað var til fyrirtækja um gjafir í þessu tilefni og gáfu þau sum hráefni og vörur eða afslátt af vörum, munum við minnast þeirra í næsta fréttabréfi.

Aðeins eitt fréttabréf var gefið út á árinu, í desember, en ætlunin er að þau verði fleiri á þessu ári. Fjáröflun í sambandi við það er núna í höndum atvinnumanns og er von okkar að hægt verði að gera blaðið að föstum tekjulíð. Þá má minna á að félagið kemur upplýsingum til almennings með heimasíðu á Internetinu.

Heilmiklar framkvæmdir voru í tilefni 1. desember á síðastliðnu ári og hefur það vonandi ekki farið fram hjá neinum. Auglýsingastofan Eureka gaf okkur auglýsingaherferð sem fólst í auglýsingum í strætóskýlum og á flettskiltum. Var byrjað að birta auglýsingarnar í nóvember og byggðust þær á gömlum húsráðum við kvefi, sem allir vita í dag að virka hvorki á kvef né alnæmi. Í lok herferðarinnar birtust heilsíðuauglýsingar í Morgunblaðinu og DV til að leggja áherslu á að auglýsingar þessar ættu ekki við rök að styðjast varðandi forvarnir né lækningu á alnæmi.

Alnæmissamtökin, Landlæknisembættið, Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands og Alþjóðleg ungmennasamskipti stóðu fyrir átaki til að minna á alnæmisvandann. Fólk frá þessum aðilum útbjuggu og dreifðu 30 þús. rauðum bordum, 30 þús. bæklingum um alnæmi og 30 þús. póstkortum með ýmsum skilaboðum um alnæmi. Var þessum gögnum dreift í framhaldsskólum og einnig um allan bæ 1. des. Auglýsingastofan Gott fólk gaf alla vinnu við kortin og fleiri góðir aðilar komu að þessu verki svo sem prentsmiðja Guðjóns Ó, Prentmyndastofan, Skyggna Myndverk auk Rauða kross Íslands og kvennadeildar Rauða krossins.

Núna annað árið í röð voru Alnæmissamtökin og Landlæknisembættið í samstarfi við Aðalstöðina til að minna á

alnæmisvandann. Aðalstöðin sendi út í desember áminningar til fólks og ýmsar staðreyndir um alnæmi. Einnig var fjallað um málið með viðtölum við ýmsa aðila og í fréttum stöðvarinnar. Auk fyrrgreindra aðila styrktu Levis Búðin og Body shop þetta verkefni.

Messa var í Fríkirkjunni í Reykjavík 19. maí s.l. til minningar um þá sem látist hafa úr alnæmi. Þann 1. des. var einnig messa í Fríkirkjunni með góðfúslegu leyfi sr. Cecils Haraldssonar flutti fr. Jo Going frá Alaska tónlist eftir bróður sinn og í minningu hans við messunar, en hann lést úr alnæmi fyrir nokkrum árum. Eftir messuna var boðið uppá kaffiveitingar í safnaðarheimilinu og einnig var opið hús og veitingar á Hverfisgötunni og aðsókn góð á báðum stöðum.

Engin námsstefna var haldin á vegum Alnæmissamtakanna og Rauða krossins árið 1996 en þá var haldin á Íslandi samnorræn ráðstefna hiv-jákvæðra. Framkvæmdanefnd Jákvæða hópsins sá alfarið um ráðstefnuna og mun Ingi Rafn segja nánar frá því.

Fræðsla var samkvæmt venju undanfarinna ára, okkar fólk bæði smitað og ósmitað fór í skóla félagsmiðstöðvar og fyrirtæki um allt land eftir óskum frá þessum aðilum. Einnig var haldið námskeið um alnæmi í samvinnu við Landlæknisembættið og Petrínu, fyrir ungt fólk í Ungmennahreyfingu Rauða krossins, með það fyrir augum að unga fólkið tæki að sér heimsóknarþjónust til alnæmissjúklinga í sjálfböðavinnu. Ekki hefur komið ósk um þá þjónustu enn þá.

En fjórar ungar stúlkur úr þessum hóp tóku sig til og sömdu leikþátt um alnæmi og fóru á kaffihús borgarinnar í kringum 1. maí með þessa „uppákomu“ og seldu einnig merki fyrir okkur um leið. Fengu þær góðar undirtektir og vakti leikþáttur þeirra mikla athygli. Einnig seldi unga fólkið fatnað í Kolaportinu og rann öll innkoma til Alnæmissamtakanna.

Við erum stolt af samvinnu þessa unga fólks og frábæru framtaki þeirra.

Eggert Sigurðsson

Jákvæði hópurinn

Sjálfstyrktarhópur hiv-smitaðra er starfandi innan vébanda Alnæmissamtakanna.

Markmið hópsins eru:

að gefa hiv-jákvæðu fólki tækifæri til að hittast á eigin forsendum í öruggu umhverfi.

að gefa félögnum tækifæri til að taka afstöðu til eigin aðstæðna með félagslegu samneyti og þátttöku í ýmsum vinnuhópum.

að taka þátt í því að bæta aðstæður hiv-jákvæðra almennt, jafnt félagslega, heilsufarslega og pólitískt.

að taka þátt í því að breiða út raunhæfar upplýsingar um hiv-smit og alnæmi, svo og hagi hiv-jákvæðra.

Hvernig nær maður sambandi við Jákvæða hópinn?

Viljir þú gerast félagi eða fræðast meira um Jákvæða hópinn getur þú hringt á skrifstofu Alnæmissamtakanna á Íslandi í síma 552 8586 milli kl. 13 og 17 mánud., miðvikud. og föstudaga og fengið nánari upplýsingar. Þá verður þér vísað á Jákvæða hópinn. Fyllsta trúnaðar er gætt í hvívetna. Félagar í Jákvæða hópnum hafa verið með fræðsluerindi um allt land.

**Frekari upplýsingar
fást á skrifstofu.**



MINNING

Richard H. Rector

HIV-smitaðir og alnæmissjúkir hafa misst einarðan talsmann. Richard H. Rector dó 23. ágúst 1996 í Kaupmannahöfn, fertugur að aldri. Hann greindist með alnæmi í San Francisco 1982 og breytti það öllu lífshlaupi hans. Eftir það vann hann að bættum hag alnæmissjúkra um allan heim. Hann var frábær ræðumaður og einn sá fyrsti til þess að tala opinberlega um að lifa með alnæmi í stað þess að deyja úr því.

Richard H. Rector var fæddur 25. júlí 1956 í Connecticut í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og ólst þar upp. Hann lærði félagsráðgjöf á heilbrigðissviði og lauk síðar viðbótarnámi í viðskipta- og lögfræði. Hann vann við ýmis störf á næstu árum var t.d. þjónn og sá um rekstur veitingastaða í New York. Árið 1984 fór Richard til Evrópu og vann eftir það hjá Rauða kross hreyfingunni.

Richard var með í að stofna San Francisco Aids Foundation og PWA Coalition en það voru fyrstu samtök HIV-smitaðra í San Francisco. Samtökin börðust gegn útbreiðslu alnæmis með fræðslu og gegn fordómum í garð alnæmissjúkra, fyrir auknum mannréttindum og félagslegu réttlæti. Richard gekk fram fyrir skjöldu í nafni samtakanna og gerði málstað þeirra að sínum. Einnig veitti hann smituðum ráðgjöf.



Richard H. Rector ásamt Guðmundi Bjarnasyni, þáverandi heilbrigðisráðherra og Bimi Friðfinnssyni úr stjórn RKÍ.

Árið 1984 réðist Richard til Norska Rauða krossins og gat sér þar góðan orðstír. Það varð til þess að hann réðist til Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vann á vegum þeirra í 50 þjóðlöndum síðustu 10 árin. Hann var einnig ráðgjafi fyrir Alþjóða heilbrigðismálastofnunina (WHO) í málefnum alnæmissjúkra. Hann vann svo að því fram í andlátinu að skrifa bókina Crossing Borders ásamt M. Haour Knipe. Bókin er nú komin út hjá Francis og Taylor í London.

Richard kom hingað til lands árið 1988 á vegum Rauða kross Íslands. Hann hélt fundi með því starfsfólki Landspítala og Borgarspítala sem vann með alnæmissjúkum, hitti þáverandi heilbrigðisráðherra, Guðmund Bjarnason, og hélt almennan fund þar sem áhugafólk um stofnun stuðningsfélags við alnæmis-

sjúka var hvatt til þess að skrifa sig á lista. Var það vísir að Alnæmissamtökunum á Íslandi.

Richard var jarðunginn frá Garnison kirkjunni í Kaupmannahöfn 31. ágúst 1996. Jarðarförin var mjög áhrifamikil og fór fram bæði á dönsku og ensku, ljóð voru lesin og afrísk kona söng á mjög sér-staðan hátt. Kistan var einungis skreytt sólblómum og sólblóm mynduðu eins konar stíg að kirkjunni, inn í hana og að kistunni. Eftir að athöfninni var lokið var erfidrykkja á heimili hans. Þar höfðu vinir hans útbúið glæsilegar veitingar til þess að þakka fyrir líf hans.

Genginn er góður maður, hugdjarfur brautryðjandi, sem vann að hugsjónum sínum og almannaheill fram til síðustu stundar.


Hólmfríður Gísladóttir,

Námsstefna

Námstefnan ER ALNÆMI ÚR SÖGUNNI var haldin á vegum Alnæmissamtakanna, RKÍ og Fræðsludeildar Þjóðkirkjunnar að Hótel Lind föstudaginn 7. nóvember sl. Þátttakendur á námsstefnunni voru 43 að fyrirlesurum meðtöldum og lauk henni kl. 17:00. Fjölmiðlar sýndu málinu áhuga og birtist m.a. frétt á Stöð 2 sama kvöld. Þar kom fram að s.l. ár hafa greinst 12 einstaklingar HIV-jákvæðir það er að jafnaði einn á mánuði. Ekki er þó talið að nýgengi sjúkdómsins hafi aukist þar sem einhverjir þeirra sem greindust séu ekki nýsmitaðir.

Alnæmissamtökin þakka veittan stuðing.

Aco hf.
 Aðalgeir Sigurgeirsson
 Akureyrarkaupstaður
 Amaro
 Apótek Grindavíkur
 Apótekið
 Blóm undir stiganum
 Fiskanes
 Fiskmarkaður Hornafjarðar hf.
 Fjölbrautaskóli Suðurlands
 Fjölbrautaskóli Vesturlands
 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
 Fjölbrautaskólinn við Ármúla
 Flensborgarskólinn
 Gná hf.
 Hampiðjan
 Haraldur Böðvarsson
 Háskóli Íslands
 Hitaveita Reykjavíkur
 Hitaveita Suðurnesja
 Hótel Framtíð
 Hraðfrystihúsið hf.
 Húsavíkurkaupstaður
 Húsnæðisstofnun ríkisins
 Jóhan Rönning hf.
 Kaffi París
 Kaupfélag Eyfirðinga
 Kjarnafæði
 Korri útgerðarfélag
 Krossey hf. útgerð
 Kvennaskólinn í Reykjavík
 Landvélar
 Leigjendasamtökin
 Lögmenn Austurstræti 17
 Marel
 Ora hf.
 Pedromyndir
 Skífan Skeifunni 17
 Sparisjóður Bolungavíkur
 Sparisjóður Glæsibæjarhrepps
 Sparisjóður Hornafj. og nágrennis
 Teymi Oracle
 Tryggingastofnun ríkisins
 Uggi sf. fiskverkun
 Verkakvennafélagið Framsókn
 Verkalýðsfélagið Jökull
 Verslunarmannafélag Reykjavíkur
 Þorbjörn hf.
 Þormóður rammi hf.
 Öryrkjabandalag Íslands



Minningarguðspjónusta

Alnæmissamtökin á Íslandi hafa undanfarin ár gengist fyrir minningarguðspjónustu um þá sem látist hafa af völdum alnæmis og fór hún fram í Fríkirkjunni í Reykjavík þann 25. maí s.l. Prestur var sr. Bryndís M. Elífdóttir. Í kirkjunni var kveikt á 30 kertum í minningu hinna látnu, en það er sá fjöldi sem látist hefur af völdum sjúkdómsins. Eftir messu þáðu kirkjugestir og aðrir velunnarar félagsins kaffiveitingar í húsi Alnæmissamtakanna að Hverfisgötu 69 í boði aðstandenda. Við þökkum öllum sem komu. Stjórnin.

Upplýsingar

ALNÆMISSAMTÖKIN REKA UPPLÝSINGAMÍSTÖÐ fyrir almenning og athvarf fyrir smitaða og sjúka og aðstandendur þeirra. Upplýsingar fást á skrifstofu.

Skrifstofan er opin mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 13 - 17.

Síminn er 522-8586, faxnúmer 552-0582.

Netfang Aids@Centrum.is

Heimasíða:

<http://www.centrum.is/aids/>

Fréttabréf

FRÉTTABRÉF ALNÆMISSAMTAKANNA á Íslandi hefur komið út allt að fjórum sinnum á ári og er dreift til félagsmanna, í skóla, félagsmiðstöðvar, heilsugæslustöðvar og víðar. Núna kemur það út í breyttu broti og fleiri einstökum og verður dreifing meiri í samræmi við það.

Fjármál

ALNÆMISSAMTÖKIN HAFAN ENGAN fastan tekjustofn nema félagsgjöld en hafa notið stuðnings frá Rauða krossi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, ríkinu og Reykjavíkurborg. Einnig hafa félaginu borist frjáls framlög sem skipt hafa sköpum við rekstur þess. Einstaklingar sem eru hiv-smitaðir eða með alnæmi geta sótt um fjárstuðning til félagsins. Styrkir eru ekki veittir til þeirra hluta sem opinberir aðilar eiga að annast.

Minningarguðspjónusta

ALNÆMISSAMTÖKIN HAFAN ÁRLEGA staðið að minningarguðspjónustu um þá sem látist hafa úr alnæmi. Er hún haldin síðasta sunnudag í maí og er útvarpað á Rás 1.



NordPol '97

Verður Danmörk miðpunktur fyrir Norrænt HIV og AIDS samstarf?

Á NordPol-fundi í Finnlandi í lok júlí var boðið að HIV-Danmark tæki að sér að reka skrifræðisbatterí það sem hið norræna samstarf hefur í för með sér. Þessu tilboði var vel tekið og næsta skref er svo hjá Dönuum að skipuleggja hvernig það verður rekið (svona nokkuð á vel við Danann!). NordPol er ekki það sama og Nord-All og liggur meginmunurinn í því að á NordPol eru það félagslegu hliðar HIV-málanna í hverju landi fyrir sig sem eru ræddar og ef einhugur er um málin þá er samþykkt greinargerð þar sem öll löndin eru sammála um niðurstöður og er hún þá send viðkomandi landi/stjórn til að þrýsta á um úrbætur.

Nord-All er ráðstefna þar sem HIV-jákvæðir hittast og skiptast á persónulegri reynslu en fá líka fræðslu um það sem skeð hefur í lyfja- og lækningamálum. Svo er líka gott að komast aðeins útaf fyrir sig, svona saman, og öll jákvæð.

Þar sem þetta Nord-All þing er hið fyrsta sem ég sit (með ráði og rænu) get ég ekki borið saman gæði og skipulagningu. En við vorum heppin með veðrið og hótelið var gott,



maturinn þótti þó í lakara lagi en allir höfðu það af.

Málefnaflutningur á NordPol

Noregur:

1700 HIV-jákvæðir.

Fjármál: mikill niðurskurður til HIV/Aids mála.

Fangelsi: Hversu mikið veikt þarf fólk að vera til að komast í afplánun á fangelsisspítala?

Eystrasaltsríkin: Óskað er eftir meiri stuðningi við þau.

Ráðningar hjúkrunarfræðinga: Það eru dæmi um að hjúkrunarfræðingum hafi verið sagt upp eftir að upp komst að þeir væru HIV-jákvæðir.

Lög: Í norsku lögunum er til grein 6 þar sem stendur „Hver og einn hefur rétt á smitvörn.“ En það eru ekki afhentar hreinar sprautur og nálar í norskum fangelsum, þannig að fólk sem notar slíkt getur ekki varið sig!

Finnland:

800 HIV-jákvæðir.

Peningamál: Finnar eru mjög illa settir fjárhagslega og það er ótrúlega erfitt að fá peninga til Hiv/Aids mála.

NordAll 97: Þeir fengu neitun hjá EB um styrk en HIV-Danmark og Positivgruppen Fredriksberg gengu í skuldaábyrgð fyrir allt að 450.000 IKR svo ráðstefnan gæti farið fram.

Svíþjóð:

4000 HIV-jákvæðir.

Lyfseðlaskráning: Í Svíþjóð hafa gengið í gildi lög sem kveða á um að maður verði skráður þegar lyf séu keypt í apótekum. Þetta er gert til að greiðsla geti borist frá því „amti“ sem maðurinn býr í. Þriggja mánaða regla gildir og ef fólk þarf oft að kaupa lyf þá verður það aldrei tekið af skrá.

Flóttamenn: Það er of lélegt upplýsingaflæði til flóttamanna sem til Svíþjóðar sækja og geta þeir því sökum tungumálaerfiðleika upplifað að HIV-próf sem þeim er boðið við komuna til landsins sé gert í laumi. Konur: HIV-jákvæðar konur eru í meiri hættu hvað varðar ýmsa sjúkdóma í móðurlífi. Og hvernig virka ýmis lyf til varnar hjá þeim konum sem einnig taka lyf gegn HIV?

Niðurskurður: Fjárstreymi til Hiv/Aids kemur nú frá hverju „amti“ fyrir sig og óttast því sænsku alnæmissamtökin niðurskurð og vilja vera á föstum fjárlögum.

Lög um gufuböð: Það er bannað að hafa mök á sænskum gufubaðsstofum svo að þau flytjast á afviknari-/hættumeiri staði.

Smitleiðin: Sænsku alnæmissamtökin fara fram á að ábendingum Evrópuráðsins R(89)14 verði fylgt og sænsk lög sem kveða á um að smitleið skuli upplýsast verði felld úr gildi.

Danmörk:

5 - 7000 HIV-jákvæðir.

Rússland: Margt bendir til að það séu hömlur á því að fólk með HIV fái að komast til Rússlands.

Eistland: Lagðar voru fram þrjár tillögur varðandi aðgang að lyfjum, sprautum og metadon meðferð ásamt fyrirbyggjandi aðgerðum. Þær voru samþykktar og verða sendar til félagsmálaráðherra Eistlands og heilbrigðisráðherrum Norðurlanda og EB.

HIV-próf: Fólk sem ættleiðir börn getur farið fram á að þau verði HIV prófuð eins geta læknað boðið uppá HIV próf á flóttamönnum (ef þeir þykja í áhættuhóp).

Ísland:

100 HIV-jákvæðir.

Engin sérstök mál en sagt frá að NordAll 96 sé enn óuppgerð að hluta til.

NordAll '97

Hin árlega NordAll-ráðstefna var haldin í nágrenni Helsinki, höfuðborgar Finnlands í sumar. Á NordAll er HIV-jákvæðum einstaklingum frá öllum Norðurlöndunum gefinn kostur á að koma saman, njóta samvista, bera saman bækur sínar, hlusta á fyrirlestra og slappa af.

Ráðstefnan sjálf hófst föstudaginn 1. ágúst, en dagana á undan höfðu fulltrúar frá hópum jákvæðra á Norðurlöndunum unnið saman að ályktunum sem sendar voru til fjölmiðla. Mæting var klukkan 15.00 á föstudeginum og fólk dreif að úr öllum átum.

Íslensku þátttakendur voru flestir komnir á staðinn, höfðu komið með flugi samdægurs eða daginn áður. Auðvitað var mikið írafár þegar raðað var niður á herbergi, en þrengra var um ráðstefnugesti en búist hafði verið við og urðu margir að sofa á svokölluðum svefnstólum en aðrir voru svo heppnir að fá rúm. Um fimmleytið var NordAll-fáninn dreginn að húni, ráðstefnan sett og starfslíð kynnt. Síðan var sameiginlegur kvöldverður og fólk gafst svo tækifæri til að prófa þá sérfinnsku reynslu að hita sig upp að suðumarki í brénheitri sánu og stökkva svo út í ískalt stöðuvatn.

Siikaranta-ráðstefnumiðstöðin dregur nafn sitt af samnefndu vatni sem hún stendur við. Umhverfi þarna er mjög finnskt, þ.e. hávaxin grenitré í bland við lauftré í kringum lítið stöðuvatn. Út í vatnið lágu litlar bryggjur og gafst fólk tækifæri til að synda í vatninu eða róa á því, auk þess sem boðið var upp á að lána ráðstefnugestum reiðhjól til að skoða nágrennið.

Ráðstefnudagana var rjómaþíða, eins og raunar var í nær allt sumar í landinu og gestirnir notuðu tækifærið til að sleikja sólina þegar færi gafst frá öðrum önnum.

Aðalráðstefnudagurinn var laugardagurinn 2. ágúst. Það var vaknað snemma í morgunverðinn og síðan skellt sér í vinnuhópa sem hófust klukkan 9. Það var um tvo hópa að velja en áhugaverðari þótti hópur

sem stjórnað var af Jorma Koskinen, sem hefur verið smitaður á annan áratug. Hann fjallaði á mjög áhuga-verðan hátt, út frá sjónarhorni félagsfræðinnar, um hinn smitaða einstakling í dagsins önn og hvernig ákveðnir þættir sem saman mynduðu heild ákvörðuðu þá sýn sem hann hefði á sjálfan sig. Ef allir þessir þættir væru í lagi mætti kalla það ástand sem þá ríkti hamingju. Ef einhverjum þeirra væri mjög áfátt þá stæði hann viðkomandi einstaklingi fyrir þrifum. Þættirnir voru t.d. andleg heilsa, líkamlegt heilbrigði, atvinna, tómstundir, fjárhagur, heimili, samskipti við fjölskyldu, samskipti við vini og kynlíf. Allir þessir þættir hefðu áhrif á sjálfsmynd hins smitaða og því yrði að ræða hvernig hægt væri að finna hverjum þætti fyrir sig sem bestan farveg svo hægt væri að kljást við vandamálin þegar þau létu á sér kræla. Koskinen skipti síðan áheyrendum í hópa eftir hvaða þætti þeir hefðu áhuga fyrir, hóparnir ræddu saman vandamálið sem komið gætu upp og hvernig best væri að leysa þau og komu svo allir saman og lögðu fram niðurstöður sínar og fengu viðbrögð frá hinum hópunum og Koskinen sjálfum. Þessi aðferð var athyglisverð að því leyti að einstök vandamál verða oft skýrari ef þau eru greind og orsakasamhengisins leytað. Þá er grundvöllur fyrir því að eiga við þau og reyna að gera hlutina þannig úr garði að hægt sé að hafa þá sem besta. Auðvitað er líkamlegt heilbrigði atriði sem borðleggjandi er að er mikilvægt fyrir HIV-smitaða einstaklinga. En margir sem kannski eru ekki orðnir veikir einblína um of á þennan þátt á meðan að aðrir þættir eru látnir danka. Andlegt heilbrigði, félagsleg samskipti, fjármál og kynlíf eru atriði sem margir smitaðir gera sér ekki grein fyrir að eru líka mikilvæg og ef þeim er áfátt koma þau í veg fyrir að einstaklingurinn sé sáttur við sjálfan sig og umhverfi sitt. Mjög gott innlegg frá Jorma Koskinen! Eftir hádegi á laugardag var á dag-

skrá fyrirlestur læknis frá Aurora-sjúkrahúsinu í Helsinki, þar sem flestir alnæmissjúklingar þar í borg eru í meðferð. Það vantaði nokkuð á að læknirinn hefði undirbúið einhverja kynningu eða tölu, en þess í stað gaf hann fólk færi á að spyrja sig spjör- unum úr. Ef fólk hafði þolinmæði og tungumálakunnáttu til að skilja spurningar, svör og túlkun á misgóðri ensku, allskyns skandinavísku og á finnsku þá varð þetta allt saman mjög áhugavert og dróst langt fram yfir þá tvo tíma sem þessu var gefið í dagskrá. Margir spyrjenda voru ungar konur og það sem þeim lá á hjarta var hverjir möguleikar væru á því að þær gætu eignast heilbrigð börn ef þær sjálfar væru smitaðar. Einnig kom fram að Ítalir eru eina þjóðin sem hefur gert tilraunir með að gera HIV-jákvæðum karlmönnum kleift að geta börn með því að hanna meðferð fyrir sæðið þannig að sem mest af veirunni sé drepð úr því áður en frumunum er komið fyrir í eggri frá konunni í tilraunaglassi og síðan flutt í leg. Aðaláherslan var auðvitað á hinum nýju lyfjakokkteilum og reyndist læknirinn mun svartsýnari á horfum á að fólk losnaði við veiruna úr líkamanum en íslenskir kollegar hans.

Á laugardagskvöldið var svo svokallaður hátíðarkvöldverður, en íslensku þátttakendunum þótti nokkuð skorta á hátíðleikann og matargerðarlistina miðað við þeirra eigið framlag á Kirkjubæjarklaustri í fyrrasumar. Aftur á móti voru skemmtiatriði seinna um kvöldið athyglisverð, egypskur magadans og atriði með fremstu drag-drottningum Finnlands.

Daginn eftir var lítið annað eftir að gera eftir að fáninn var dreginn að húni við kveðjuathöfnina en að tygja sig til farar frá þesum fallega stað við vatnið sem að sögn heitir eftir fiski einum, kannski einhvers konar síkjagettu ef einhver skyldleiki er milli þessara nafna í annars óskyldum tungumálum. Þátttakendur kvöddust með söknuð í huga en án efa munu margir þeirra hittast á ný að ári í Danmörku þar sem næsta NordAll-ráðstefnan verður haldin, enda Danir frægir fyrir höfðingskap.

Þátttakandi.



KJALLARAFRÉTTIR


Undir húsinu okkar á Hverfisgötunni er steypur kjallari, sem ekki hefur verið nýttur til neins nema safna í drasli - og töluvert miklu af því. Kjallari undir næsta húsi tilheyrir okkur líka en hann er minna niðurgrafinn og þar hefur einhverntíma verið einstaklingsíbúð.

Baldvin Baldvinson innanhúsarkitekt gerði teikningar af því hvernig nýta mætti þetta rými og stjórnin samþykkti á fundi að ráðast í framkvæmdir.

Vinnuafli var fengið með milligöngu Fangelsismálastofnunar ríkisins, en Alnæmissamtökin undirrituðu samning um að taka við mönnum sem höfuð fengið heimild stofnunarinnar til að afplána sinn dóm með samfélagsþjónustu.

Það voru miklir dugnaðarforkar sem byrjuðu á því að moka út úr kjallaranum og rífa niður fúna milliveggi og ónýt gólf.

Rauði Krossinn gaf milljón til verksins og átti það að duga a.m.k. fyrir nýjum raf - og pípulögnum. Raflagnir voru gamlar og fúnar en það gekk ágætlega að endurnýja þær, en það var verra með pípulagnirnar. Ævafornar asbestlagnir náðu rétt út í garð þar sem allt var í sundur og komin „rotþró“ í miðjum garði. Peningarnir sem áttu að fara í endurnýjun á pípulögnum fóru í að grafa upp garðinn og endurnýja lagnir þar. Leitað var til Reykjavíkurborgar sem á húsið og farið fram á að þeir borguðu þennan hluta, sem með góðri samvisku má kalla leyndan galla og samþykktu þeir það fyrir rest.



Hugmyndin var að endurnýja þann hluta sem íbúðin hefur einhverntíma verið í og koma þar upp aðstöðu fyrir þá sem þurfa annaðhvort að koma til Reykjavíkur til lækninga, eða aðstandendur jákvæðra utan af landi.

Inn af íbúðinni var svo ætlunin að koma upp gufubaði, en samtökunum var gefinn gufubaðsofn fyrir þó nokkuð löngu síðan, sem ekki hefur

verið hægt að nýta.

Smiður í samfélagsþjónustu var búinn að taka niður gamlar innréttingar úr íbúðinni og undirbúa smíði gufubaðsklefa þegar framkvæmdum var hætt í bili. Aðstæður hafa breyst það mikið að það þarf að endurmeta stöðuna, hvort það er þörf fyrir íbúðina og hvort félagsmenn kæra sig enn um að fá þá félagsaðstöðu sem til stóð að setja upp í kjallaranum.

BJARTSÝNI & RAUNSÆI

Of snemmt að fagna sigri

Nokkurrar bjartsýni hefur gætt að undanförmu með að lækning við alnæmi sé í sjónmáli. Nýjar leiðir í baráttunni gegn sjúkdómnum hafa fært mörgum sem þegar hafa sýkst von um lengra og betra líf en því miður er ekki hægt að treysta því að bóluefni sé innan seilingar né lyf sem lækna þá sem þegar hafa sýkst. Enn er því full ástæða til að sýna aðgæslu í kynlífi, sem er helsta smitleiðin eins og áður.

Á þeim 15 árum sem alnæmi hefur verið þekkt sem faraldur hefur vitneskja manna um sjúkdóminn stórkæmst. En því miður hafa rannsóknir helst leitt til þeirrar niður-stöðu að alnæmisveiran er flókin og margbreytileg. Vísindamenn hafa t.a.m. fundið afbrigði af veirunni í Tælandi, afbrigði E, sem leggst aðallega á gagnkynhneigt fólk. Það sem gerir afbrigði E ólíkt afbrigði B sem algengast er í Bandaríkjunum og Evrópu, er að E-útgáfan á auðveldara með að komast inn í líkamann í gegnum frumuvefi í munni og legi en frumuvefi í endaparmi. Eðli málsins samkvæmt er gagnkynhneigðu fólk þvi hættara við að smitast af þessu afbrigði en B-afbrigðinu, þótt veiran hljóti líka að leggjast á samkynhneigða og tvíkynhneigða.

Heppni og áhætta

Dr. Max Essex við Alnæmisstofnun Harvard háskóla segir að það sé aðeins heppni að önnur afbrigði en B-stofn veirunnar hafi ekki gert vart við sig í ríkara mæli í Bandaríkjunum en raun ber vitni. Ef E-stofn veir-

unnar blossi hins vegar upp í Bandaríkjunum megi búast við mun útbreiddari alnæmisfaraldri meðal gagnkynhneigðra í Bandaríkjunum en þegar er orðið. Aðrir sérfræðingar segja þó fleira en ólík afbrigði veirunnar hafa áhrif á faraldseinkenni sjúkdómsins. Mikið vændi og tíðni annarra kynsjúkdóma hafi sín áhrif í Tælandi. Engu að síður ættu þessar niðurstöður að verða þeim sem fara til annarra landa í leit að kynlífi víti til varnaðar og áskorun um að fara varlega.

Ný lyfjablanda, þrennan svo kallaða, hefur reynst mörgum alnæmissjúklingum vel. Fréttir af árangri með lyfjablönduna hafa eðlilega vakið von meðal þeirra sem þegar eru sýktir þótt ljóst sé að hún gagnast þeim ekki öllum. Það er hins vegar fráleitt að fólk sem ekki hefur smitast taki þessum fréttum sem einhverri lausn á alnæmisvandannum. Þær gefa ekkert tilefni til að slaka á varúðarráðstöfunum hvað varðar kynlíf og notkun sprautunála.

Ekkert kraftaverkalyf

Það er staðreynd að margir sem voru við dauðans dyr þegar lyfjablandan kom til sögunnar hafa braggast töluvert og væru vafalaust sumir þegar látnir ef hún hefði ekki komið til. En þrennan er ekki eitthvert eitt undralyf sem allir sem smitast geta tekið inn. Hún er ekki einu sinni þrenna, því stundum eru fleiri lyf í blöndunni og það getur tekið nokkurn tíma að finna blöndu sem virkar á hvern og einn. Og stundum finnst blandan ekki. Síðustu fréttir herma að margt

bendi til þess að alnæmisveiran sé að mynda ónæmi gegn lyfjablöndunni. Þetta er í samræmi við aðvaranir margra sérfræðinga á alþjóðlegu alnæmisráðstefnunni í Vancouver í Kanada í vor þar sem fréttir af lyfjablöndunni voru birtar.

Á ráðstefnunni í Kanada varaði Peter Piot, yfirmaður alnæmisdeildar Sameinuðu þjóðanna, við því að menn skiptu úr almennt mikilli svart-sýni yfir í óraunhæfa bjartsýni þannig að menn vöknudu upp með timburmenn eftir hálf ári. Menn ættu enn eftir að sjá hvernig lyfjablandan virkaði til langframa. Þessi viðvörðunarorð virðast að nokkru vera að ganga eftir. Besta aðferðin í baráttunni gegn alnæmi er þess vegna enn að sýna aðgæslu í kynlífi og notkun sprautunála.

20 milljónir smitaðar

Í dag hafa um 20 milljónir manna í heiminum greinst með alnæmisveiruna og þar af hafa tæpar 5 milljónir greinst með alnæmi og um 300 þúsund manns hafa látist af völdum veirunnar. Samkvæmt nýjustu tölum frá landlæknisembættinu sem ná til 1. nóvember 1996 hafa 103 greinst með sjúkdóminn hér á landi, 85 karlar og 18 konur, þar af höfðu 29 manns látist. Samkvæmt fréttum hefur hins vegar að meðaltali einn einstaklingur greinst með alnæmisveiruna á mánuði í landinu að undanförmu. Menn ættu hins vegar að hafa í huga að þetta eru einungis þeir sem hafa greinst vegna þess að þeir fóru í prufu, urðu veikir eða greindust vegna annarar læknisfræðilegrar meðferðar.

Eins og áður sagði hefur nýja lyfjablandan gagnast mörgum hér á landi sem jafnvel voru við dauðans dyr. Þá vinna vísindamenn að því um allan heim að finna bóluefni og aðrar leiðir í baráttunni við sjúkdóminn. Það er hollt að vera bjartsýnn en í þessum efnunum er heillavænlegast að sú bjartsýni ráðist af raunsæi öðru fremur þannig að fólk slaki ekki á fyrirbyggjandi aðgerðum hver hjá sjálfum sér. Það er enn besta vopnið í baráttunni gegn alnæmi.

-hmp



Lög Alnæmissamtakanna á Íslandi

Samþykkt á stofnfundi 5. desember 1988 og breytt á aðalfundi 28. febrúar 1994.

1. grein. Félagið heitir Alnæmissamtökin á Íslandi. Aðsetur þess er í Reykjavík, starfsvettvangur þess er landið allt.
 2. grein. Tilgangur félagsins er: Að auka þekkingu og skilning á alnæmi. Að styðja smitaða og sjúka og aðstandendur þeirra.
 3. grein. Tilgangi sínum vill félagið ná: Með því að leita nýrra leiða til þess að uppfæra fólk um alnæmi. Að stofna umræðu-, fræðslu- og stuðningshópa. Með fræðslugreinum í blöðum, tímaritum, fræðsluerindum og fræðslumyndum. Með því að efla sjóð félagsins m.a. með fjársöfnun, til þess að styðja smit-
aða og sjúka.
 4. grein. Félagar geta orðið allir þeir sem hafa áhuga á málefnum þeim sem félagið lætur sig varða.
 5. grein. Stjórn félagsins skipa 5 menn og 2 til vara. Stjórnin skal kosin til eins árs í senn. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega, að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.
 6. grein. Starfsár félagsins er almanaksárið. Aðalfund skal halda í febrúar ár hvert. Skal hann boðaður með auglýsingu í fjölmiðlum eða bréflega með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað. Á aðalfundi eiga atkvæðisrétt allir skuldlausir félagar.
- Verkefni aðalfundar eru:
1. Stjórnin gefur skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu ári.
 2. Gjaldkeri leggur fram til samþykktar endurskoðaða reikninga félagsins.
 3. Lagabreytingar ef einhverjar eru.
 4. Formaður gerir grein fyrir helstu verkefnum, sem framundan eru.
 5. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda.
 6. Árgjöld ákveðin.
 7. Önnur mál.
7. grein. Félagsfundi skal halda þegar stjórnin ákveður eða minnst 1/3 félagsmanna óskar þess og tilgreina fundarefni. Stjórnarfund skal halda, þegar formaður ákveður eða meiri hluti stjórnarmanna æskir þess. Stjórnin getur falið einstökum félagsmönnum að inna af hendi störf í þágu félagsins og einnig skipað sérstakar nefndir í sama tilgangi.
 8. grein. Lögum þessum má breyta á aðalfundi og þarf minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða til breytinga. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn eigi síðar en 15. janúar.
 9. grein. Komi til félagslita skal ráðstafa eignum félagsins til styrktar málefnum, sem samræmast best tilgangi félagsins.

Minningarkort

MINNINGARKORT ERU TIL SÖLU á skrifstofu, lágmarksverð er 500 kr. og rennur innkoma kortanna í sérstakan minningarsjóð sem notaður er til uppbyggingar athvarfsins. Hægt er að panta kortin í síma alla virka daga kl. 13 - 17.

1. desember 1997

Alþjóðlegur baráttudagur gegn alnæmi er 1. desember ár hvert. Alnæmissamtökin hafa undanfarin ár reynt að vekja fólk til umhugsunar um alnæmi, smitleiðir og útbreiðslu þess á þessum degi. Á síðasta ári fékkst frábær liðsauki við þetta málefni eins og lesa má um hér í blaðinu. Í ár heldur þessi samvinna áfram og er undirbúningur hafinn að svipuðu en víðtækara átaki í dreifingu Rauða borðans og bæklinga ásamt kortum. Einnig er fyrirhuguð samvinna við landlæknisembættið vegna 1. des.

Boðið verður upp á kaffiveitingar á Hverfisgötunni frá kl. 14:00 þ. 1. desember. Allir velkomnir.

Skrifstofan

Skrifstofa og upplýsingasími Alnæmissamtakanna á Íslandi er opin mánud., miðvikud. og föstud. frá kl. 13 - 17 að Hverfisgötu 69, Reykjavík. Pósthólf 5238, 125 Reykjavík. Upplýsingar eru fyrir hiv-smitaða, aðstandendur og almennig, algjör trúnaður og nafnleynd.

Þjónusta • Hönnun • Prentun • Umbrot

120 ára

Prentun • Umbrot • Þjónusta • Hönnun

Umbrot • Þjónusta • Hönnun • Prentun

Hönnun • Prentun • Umbrot • Þjónusta



Ísafoldarprentsmiðja ehf.

